

Veiðimálastofnunin
júlí 1978
Teitur Arnlaugsson.

Seiðakönnun í Skarðsá í Leirársveit.

Föstudaginn 23. júní 1978, var rafveitt í Skarðsá til þess að reyna að fá hugmynd um gildi hennar sem uppeldisá fyrir seiði laxfiska. Rafveitt var á 6 stöðum í ánni (sjá kort). Á einum veiðistað (nr. 2) voru farnar tvær veiðiyfirferðir og reyndist veiðanleikinn vera 68%. Á öðrum veiðistöðum var farin ein veiðiyfirferð, en við útreikninga á heildarseiðamagni þeirra staða er fyrir talinn veiðanleiki lagður til grundvallar. Einnig hefur fjöldi í hverjum aldursþópi verið áætlaður út frá hlutfalli þeirra í veiðinni. Aldur var ákvarðaður af kvörnum og lengdardreifingu seiðanna.

Niðurstöður.

Niðurstöður veiðanna og áætlaður seiðafjöldi er sýndur í töflu 1. Laxaseiði fundust einungis neðst í ánni, þ.e. á veiðistöðunum neðan neðri brúar að undanskildu einu 12,1 cm löngu seiði sem fékkst á fyrsta veiðistað þar fyrir ofan (nr. 3). Urriðaseiði fengust hins vegar á öllum veiðistöðunum nema þeim efsta, en þar fékkst ekkert seiði. Neðan Brúar fundust flest seiði, áætlað 45,2 og 60,8 per 100 m², þar af var hlutur laxaseiða yfir 90%. Seiðamagnið á efri veiðistöðunum var frá 5,2 til 12,5 per 100 m², en eins og fyrr segir voru þar eingöngu urriðaseiði. Til samanburðar má geta þess, að góð uppeldissvæði í Grímsá í Borgarfirði og Haukadalsá í Dölum bera 50-170 eins árs og eldri seiði per 100 m².

Árhlutinn neðan neðri brúar hefur áberandi betri botngerð til seiðaeldis en árhlutinn þar fyrir ofan að lindarlækjunum og einnig hvað varðar hrygningarskilyrði fyrir lax, sem eru þar nokkur, en þau eru mjög takmörkuð í efri árhlutunum og er það líkleg skýring á laxleysi hans. Skammt fyrir ofan neðri brú er einnig flúð í ánni sem er torfær seiðum, og kemur í veg fyrir hugsanlega dreifingu þeirra upp ána. Fyrir ofan lindarlækina fellur áin í stórgrýtisurð, all straumhörð og eru þar líklegast engin eða nánast engin hrygningarskilyrði.

Óeðlilegt styrkleikahlutfall er á milli aldurshópa laxaseiða neðan neðri brúar, þar sem tveggja ára seiði fundust þar í miklum meiri hluta (tafla 1). Eðlilegt hefði verið að finna flest seiði í yngsta aldurshópnum og síðan koll af kolli. Ef þessir veiðistaðir gefa rétta mynd af árhlutanum bendir það til þess, að nýliðun geti verið mjög breytileg frá ári til árs. Ekki verður af þessari athugun ráðið, hvort þessi skekta aldurssetning er endurspeglun misstórra hrygninga eða affalla á klaki, en sem kunnugt er getur áin orðið rosaleg í flóðum. Einnig er eftirtektarvert að ekki skyldu finnast vorgömul seiði í ánni, en í meðalhlyrri á mætti búast við því, að þau væru komin allvel á legg. Þess er þó að gæta, að áin er köld, og þroski eggjanna er eingöngu kominn undir vetrarhitnum, svo vera má að þau hafi enn verið á kviðpokastigi og því lítt farin að dreifa sér um ána. Miðað við stærð árinna neðan brúa (ca. 4500 m²) má ætla að fullnýting fengist á það svæði með árlegri hrygningu 8-10 laxa.

Niðurstöður aldursgreininga sýna að flest laxaseiðin ná göngustærð fjöggra ára, en það er ári til tveimur árum hægari vöxtur en í okkar betri laxveiðiám. Urriðaseiðin sýna ívið betri vöxt en laxaseiðin, en flest virðast þó ekki ná göngustærð fyrr en fjöggra ára (mynd 1). Þessi hægi vöxtur stafar líklegast af lágum vatnahita. Skoðannadaginn var vatnshitinn 7-8°C, lofthiti 13°C. Þennan dag var vatnshitinn í Laxá 12°C.

Útreikningar á gönguseiðafjölda.

Eftirfarandi er lagt til grundvallar útreikningunum:

- a) að meðaltal áætlaðs seiðafjölda í aldurshópi veiðistaðanna annars vegar neðan neðri brúar, og hins vegar ofan neðri brúar endurspegli þá árhluta.
- b) að botnflötur árinna neðan neðri brúar sé 4500 m² (lengd 1000 m x breidd 4,5m).
- c) að botnflötur árinna ofan neðri brúar að lindarlækjunum sé 7650 m² (lengd 1700 m x breidd 4,5 m).

d) að árleg náttúruleg afföll séu 50%.


e) að seiðin nái göngustærð fjögura ára.

Útkomurnar úr þessu reiknisdæmi eru sýndar hér að neðan.

	Aldur seiða samkv. töflu l.		Sjóganga ár	Fjöldi gönguseiða
Neðan neðri brúar	Lax	3	1979	129
		2	1980	336
		1	1981	<u>75</u>
				Meðalt. $540/3 = 180$
	Urriði	2	1980	6
1		1981	<u>15</u>	
			Meðalt. $21/2 = 11$	
Ofan neðri brúar	Urriði	3	1979	60
		2	1980	36
		1	1981	<u>70</u>
				Meðalt. $166/3 = 55$

Ekki fer hjá því að þessir útreikningar geti verið nokkuð fjarri raunveruleikanum. Alvarlegasti skekkjuvaldur dæmisins er líklegast liður d), það er dánartalan. Ef hana á að ákvarða þarf að gera seiðakannanir á ánni í nokkur ár. Dánartölur í íslenskum ám hafa ekki verið ákvarðaðar og var höfð hliðsjón af erlendum athugunum, en þær sýna yfirleitt um 50% árleg dauðsföll eftir fyrsta ár seiðanna. Um hugsanlega skekkju af lið a) tel ég hana fremur stefna að ofmati á seiðafjöldanum, þar sem veitt var á stöðum sem höfðu uppeldisskilyrði vel yfir meðallag.

Tafla 1. Aftalab séiðamagn veiðistaða





Veiðistadur	Stærð vs. í m	Fj. veiðdra séiða	Aftl. fj. veiðist.	Aftl. fj. per 100 m ²				
				1 ára	2 ára	3 ára	4 ára	Samt.
Lax	215	63	94	24,7	17,2	1,1	0,5	43,8
	207	108	115	1,9	42,5	10,1	1,0	58,5
	333	1	1	-	-	-	0,3	0,3
Uppdrá	215	2	3	1,8	-	-	-	1,8
	207	8	10	3,9	1,6	-	-	4,9
	333	27	30	7,2	0,8	0,3	-	12,0
	171	7	10	4,1	1,6	-	-	5,9
	185	15	23	7,6	-	4,9	-	12,5
	216							

KORT AF NEÐRI HLUTA SKARÐSÁR.
X = VEIÐISTADIR

MYND 1.

LENGDARDREIFING VEIDDRA SEIÐA OG ALDUR.

1, 2, 3, 4 = ALDUR Í ÁRUM



MEDALLENGDIR ALDURSHÖPA.

	LAX	URRÍÐI
1. ÁRS	4.5 cm	5.6 cm
2. ÁRS	6.7 -	8.1 -
3. ÁRS	8.5 -	11.0 -
4. ÁRS	11.4 -	13.4 -

Rafveiðar í Skarðsá 28. apríl, 1978.

Föstudaginn 28.apríl var rafveitt í Skarðsá til að kanna hvort áin sé uppeldissvæði fyrir laxfiska. Rafveitt var við efra og neðra brú á ánni, sem er um 2 km að lengd upp að lind.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður veiðanna. Fjöldi per 100m² var áætlaður með því að setja veiðni sem 20%.

Svæði	m ²	Veiði	Lengd cm	Fjöldi seiða per 100 m ² .
Neðra Lax + Urriði	480	23	4,0-13,5	24
Efra Urriði	275	12	5,0-14,0	22

Niðurstöður sýna að lax og urriði, líklegast sjóbirtingur, hrygni í Skarðsánni, laxinn aðeins neðst í ánni. Álitið er að góð uppeldissvæði beri um 100 seiði per 100 m² í íslenskum ám.

9. maí, 1978.

Marianna Alexanders.

Marianna Alexanders.
fiskifræðingur.